

Mánudaginn 25. apríl 1960.

Nr. 72/1959. **H/f Júpiter** (Páll Á. Tryggvason hrl.)

gegn

borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson hrl.).

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Giz-
ur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús P. Torfa-
son prófessor.**

Um skyldu atvinnurekenda samkvæmt 29. gr. útsvarslaga
nr. 66/1945.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grimsson, fulltrúi borgarfégeta í Reykjavík, hef-
ur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar 27. apríl
1959 og krafizt þess, að synjað verði um framgang lögtaks
að öllu, en til vara að nokkru, og að stefnda verði dæmt að
greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði stað-
festur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti
úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með atvinnurekstri sínum og ráðningu starfsmanna, er
kaup hljóta, til hans hefur áfrýjandi gengizt undir kvöð sam-
kvæmt 29. gr. laga nr. 66/1945 um útsvör að halda eftir af
kaupi starfsmanna upp í útsvarsskuldir og skila sveitarstjórn
því, sem þannig er haldið eftir, og felst hvorki í nefndri 29.
gr. né öðrum réttarreglum heimild, er veiti áfrýjanda rétt
til ómakslauna af hinu innheimta útsvari. Með þessari at-
hugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða
stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Júpiter, greiði stefnda, borgarstjóran-

um í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, málskostnað í Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 6. apríl 1959.

Efni þessa máls er það, að hinn 4. febrúar s.l. sendi félag gerðarþola og h.f. Marz skrifstofu borgarstjórans í Reykjavík þrjá lista um fé, sem haldið hafði verið eftir af kaupum starfsfólks félaganna upp í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur, þar á meðal lista yfir skipverja á b/v Úranusi, og nam fé það, sem haldið hafði verið eftir af kaupum þeirra, kr. 20.200.00. Jafnframt tilkynntu nefnd félög, að þau héldu eftir „sem ómakslaunum“ vegna innheimtunnar 2% af innheimtri útsvarsfjárhæð. Vantar þannig 2%, eða kr. 404.00, á það, að h.f. Júpiter, eigandi b/v Úranusar, hafi staðið bæjargjaldkera Reykjavíkur skil á umræddum útsvarsgreiðslum, kr. 20.200.00, sem félagið hafði haldið eftir samkvæmt framsendum lista.

Gerðarbeiðandi leit svo á, að gerðarþola væri eigi heimilt að reikna sér framangreinda innheimtubókun og þá ekki að halda eftir af framangreindri útsvarsfjárhæð þeim kr. 404.00, sem hér ræðir um, enda tók bæjargjaldkerinn við greiðslunni, kr. 20.200.00 ÷ kr. 404.00, með fyrirvara. Af þessum ástæðum hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri útsvarskröfu, kr. 404.00, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, sbr. b-lið 29. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945.

Hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda, auk greinargerðar, lagt fram í málinu afrit bréfa frá félagi gerðarþola þessu viðvíkjandi, dags. 22. janúar, 2. febrúar og 4. febrúar 1959, svo og af tilvitnuðum lista og enn fremur afrit af bréfi borgarstjóra til félags gerðarþola, dags. 28. janúar s.l.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt útsvarskröfu gerðarbeiðanda og gert þær kröfur í málinu, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Mótmæli sín og kröfur reisir umboðsmaður gerðarþola á því, að enda þótt hann viðurkenni skyldu kaupgreiðenda samkvæmt ákvæðum 29. gr. útsvarslaganna til þess að halda eftir af kaupum starfsmanna sinna upp í útsvarsskuldir, þá líti hann svo á, að kaupgreiðendur séu ekki skyldir að inna slíka þjónustu af hendi fyrir bæjar- eða sveitarfélög án endurgjalds, og hefur hann í því efni vísað til 67. gr. stjórnarskrárinnar og jafnframt bent

á það, að í útsvarslögunum sé hvergi að finna nein ákvæði um það, að atvinnurekendum beri að inna af hendi fyrrnefnda þjónustu án þess að ætla sér gjald fyrir. Störf þessi ásamt öðrum af svipuðu tagi séu enda orðin mjög umsvifamikil hjá stórum fyrirtækjum eins og gerðarþola, sem hafi fjölda manna í þjónustu sinni. Hafi og gerðarþoli orðið að bæta við sig starfslíði vegna vinnu við opinber gjöld og annað slíkt. Það sé því ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, er gerðarþoli geri kröfu til þess, að honum sé bættur beinn kostnaður af því aukna starfi, sem þessi þjónusta hafi í för með sér. Beri því að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni rakið tildrög þessa máls og við munnlegan flutning þess, meðal annars með tilvísun til bréfs borgarstjórans til félags gerðarþola, dags. 28. janúar s.l., sem fyrir liggur í málinu, mótmælt framangreindum kröfum og sjónarmiði gerðarþola. Hefur hann haldið því fram, að af ákvæðum 29. greinar útsvarslaganna, þar sem kaupgreiðendum er gert að skyldu að halda eftir af kaupi starfsmanna sinna upp í útsvarsskuldir, sé það ljóst, að fjárhæðir þær, sem þannig sé haldið eftir, séu geymslufé í vörzlum kaupgreiðenda, sem þeim beri að standa skil á að fullu til bæjargjaldkera, enda segi í i-lið nefndrar lagagreinar, að kaupgreiðandi skuli „skila sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir. . .“ Af orðalagi þessu verði ekki annað ráðið en að kaupgreiðendur eigi að skila öllu því, sem haldið er eftir, án nokkurs frádráttar, og bendi það ótvírætt til þess, að löggjafinn hafi ekki ætlað til, að kaupgreiðendur reiknuðu sér þóknun fyrir þetta starf. Hins vegar, ef vafi kynni að leika á þessu, þá væri þó fullvíst, að kaupgreiðendur gætu ekki einhliða og að eigin geðþótta ákveðið sér þóknun og haldið henni eftir af því geymslufé, sem þeim væri trúað fyrir. Beri því að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Aðiljar hafa lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Það er enginn ágreiningur með aðiljum í máli þessu um það, að kaupgreiðendum sé samkvæmt ákvæðum 29. gr. útsvarslaganna skylt að halda eftir af kaupi starfsmanna sinna upp í útsvarsskuldir eftir þeim reglum, sem þar eru gefnar. Hins vegar greinir aðilja á um það, hvort kaupgreiðendum sé heimilt að reikna sér þóknun fyrir þá þjónustu eða ekki. Umboðsmaður gerðarþola hefur, sem að framan greinir, haldið því fram, að kaupgreiðendum beri eigi skylda til að inna slíka þjónustu af

hendi án endurgjalds, enda væri með því verið að leggja kaupgreiðendum á herðar beinan kostnað og skerða með því eign þeirra, en það fari í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Auk þess séu engin ákvæði um það í lögum, að kaupgreiðendum beri að inna slíka þjónustu af hendi án endurgjalds. Hins vegar væru þessi innheimtustörf orðin það umsvifamikil hjá gerðarpóla, að hann hafi orðið að auka starfslið sitt af þeim ástæðum, og væri því sjálfsgagt og eðlilegt, að hann reiknaði sér þóknun til þess að mæta þeim kostnaði, sem af þessu starfi leiddi.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur hins vegar, sem áður segir, haldið því fram, að af ákvæðum 29. gr. útsvarslaganna sé það ljóst, að fjárhæðir þær, sem kaupgreiðendum sé gert skylt að halda eftir af kaupi starfsmanna sinna upp í útsvör, sé geymslufé, sem kaupgreiðendum beri að standa skil á að fullu til bæjargjaldkera, enda sé það í samræmi við orðalag i-liðs nefndrar lagagreinar. Verði og ekki annað ráðið af orðalagi þessa liðs lagagreinarinnar en að löggjafinn hafi ætlazt til, að kaupgreiðendur inntu starf þetta af höndum án endurgjalds.

Það er að vísu rétt, sem umboðsmaður gerðarpóla hefur haldið fram, að það eru hvergi positív ákvæði um það í útsvarslögunum, að kaupgreiðendum beri að inna af hendi endurgjaldslaust það innheimtustarf, sem þeim er falið með 29. gr. nefndra laga, né heldur um það, að þeim sé bannað að krefja hið opinbera um greiðslu á þeim kostnaði, sem starf þetta hefur í för með sér. Engu að síður getur rétturinn eigi fallið á það sjónarmið umboðsmanns gerðarpóla, að af þögn löggjafans um þetta atriði verði með réttu dregin sú ályktun, að kaupgreiðendum sé heimilt að reikna sér þóknun fyrir þetta starf, jafnvel þótt verulegt megi teljast. Fremur lítur rétturinn svo á, að sennilegt megi telja, að ef löggjafinn hefði ætlazt til þess, að kaupgreiðendum bæri þóknun fyrir þessi skyldustörf, þá hefði það verið tekið fram beinum orðum í 29. gr. útsvarslaganna, sem um þessa skyldu kaupgreiðenda fjallar, enda verður rétturinn að fallast á þá skoðun umboðsmanns gerðarbeiðanda, að af tilvitnuðu orðalagi 29. gr. margnefndra laga megi með nokkrum rétti ráða það, að löggjafinn hafi eigi ætlazt til þess, að kaupgreiðendum bæri þóknun fyrir þessi störf. Verður rétturinn því að líta svo á, að gerðarpóla hafi eigi verið heimilt að ákveða sér og halda eftir sem þóknun til sín fjárhæð þeirri, sem um er að ræða í máli þessu, og að af þeirri ástæðu verði að leyfa framgang hinnar umbeðnu lög-

taksgerðar. Og jafnvel þó að svo væri á litið, að eðlilegt og sanngjarnt væri, að kaupgreiðendur fengju þóknun fyrir þessi margnefndu innheimtustörf, þá leiðir af því, að engin lagaákvæði eru til um það, hversu ákveða ætti þá þóknun, að það hlyti að vera samningsatriði hverju sinni. Nú er það ljóst af því, sem fram hefur komið í máli þessu, að gerðarþoli hefur eigi talið ástæðu til að leita samninga um þetta atriði við gerðarbeiðanda, heldur einhliða ákveðið sér þóknun fyrir þetta starf sitt. Slíkt telur rétturinn, að ekki fái staðizt gegn mótmælum gerðarbeiðanda. Einnig af þessari ástæðu getur rétturinn eigi tekið synjunarkröfu gerðarþola til greina.

Samkvæmt framanskráðu þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Mánudaginn 2. maí 1960.

Nr. 75/1958. **Trausti Jónsson og**
Hraðfrystihús Keflavíkur h/f
 (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
 gegn
Karli Karlssyni (Gunnar Jónsson hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús P. Torfason prófessor.

Skaðabótakrafa út af riftun skiprúmssamnings.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur, sem nú eru sagðir sameigendur v/b Sæfara, KE 52, hafa með stefnu 24. nóvember 1958 skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því leyti sem það varðar þá. Þeir gera þær dómkröfur, að sjóveðréttur stefnda í greindu skipi verði felldur niður og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.